

Tillaga fulltrúa Viðreisnar um hjólastíg að Esjurótum

Lagt er til að við endurskoðun hjóltreíðaáætlunar verði bætt við hjólatengingu frá sveitarfélagamörkum við Leirvogsá og upp að Esjurótum.

Greinargerð

Á vettvangi Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins hefur verið unnið að hugmynd um Græna stíginn, göngu- og hjólastíg sem myndi tengja saman útivistarsvæðin í Græna treflinum. Unnin hafa verið frumdrög um Græna stíginn því beint til sveitarfélaga að setja hann inn í sínar skipulagsáætlanir. Á stórum köflum eru þegar til stígar á umræddri leið en aðrir hlutar leiðarinnar eru erfiðari yfirferðar. Einn þeirra er nyrsti hluti fyrirhugaðs stíg, sem liggur í landi Reykjavíkurborgar.

Þar er um að ræða um 3 km langan kafla, milli Leirvogsár í Suðri og Esjuróta í norðri. Sú leið samanstendur að stórum hluta af stórgrýttum vegum og reiðstígum en nokkuð auðvelt ætti þó að vera að koma fyrir góðum og breiðum stíg í því vegstæði sem þar er fyrir. Útfærslu á leiðarvali má finna í frumdrögum um Græna stíginn.

Með þessu móti yrði til örugg hjólaleið alla leið upp að Esju sem útivistarfólk gæti nýtt áður en gengið er upp á Esju. Jafnframt myndu hjólatengingar Kjalnesinga við restina af Reykjavík batna til muna. Er því lagt til að hjólastígur á þessu svæði verði settur inn í næstu uppfærslu hjóltreíðaáætlunar.